

17. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)
Haldinn þriðjudaginn 20. nóvember 2018 kl. 15:00.
Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4

Viðstaddir:

Stjórnarmenn: Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Ingibjörg Ólafsdóttir, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, og Þórir Garðarsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra var fjarverandi sem og Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra en Orri Páll Jóhannsson, aðstoðarmaður umhverfis- og auðlindaráðherra, sat fundinn í forföllum hans. Kristján Þór Magnússon bæjarstjóri á Húsavík var jafnframt fjarverandi en Hilda Jana Gísladóttir sat fundinn í forföllum hans. Þá var Björgólfur Jóhannsson, frá Samtökum ferðaþjónustunnar, fjarverandi (að fundi loknum kom í ljós að fundarboð hafði misfarist vegna breytts netfangs BJ).

Aðrir: Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF, Ólafur Teitur Guðnason aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarisdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð. Einar Birkir Einarsson frá fjármálaráðuneyti sat fundinn undir 2., 5. og 6. dagskrárlið.

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).
Fundargerð síðasta fundar var lögð fram og samþykkt.
2. Leyfisveitingagátt (*kynning*).
Einar Birkir Einarssonar sem leiðir starfshóp hjá fjármálaráðuneytis um bættan rekstur ríkisins kynnti vinnu sem staðið hefur yfir varðandi leyfisveitingagátt og sýndi hvernig gáttin mun virka í raun. Í ljósi þess að Ferðamálastofa þarf að endurútgefa mörg leyfi í kjölfar gildistöku nýrra laga um stofnunina var ákveðið að koma gáttinni í loftið núna og nota ferðamálin sem ”prótótypu” í því að gera opinbera tækni stafrænni í samræmi við stefnu stjórnvalda um miðlæga þjónustugátt sem og Digital North yfirlýsingu NB8 ríkjanna. Fundarmenn ræddu jafnframt um aðgang borgaranna að gögnum um sjálfa sig sem stjórnvöld hafa yfir að ráða og framtíðarsamvinnu við sveitarfélögin. Þá kom fram í umræðum að átak á borð við þetta væri mjög gagnlegt sveitarfélögum, ekki síst þeim minni, sem hefðu ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í verkefni af þessari stærðargráðu. Einar Birkir gerði jafnframt grein fyrir verklagi við að meta ferla út frá sparnaði og úrbótum á þjónustu sem fengjust með því að gera þá stafræna. Fram kom að vefurinn www.island.is væri í endurskoðun og ætti að verða notendavænni.
3. Álagsmat - fasi II (*aðferðafræði og vinnuhópar*).
Framkvæmdastjóri gerði stuttlega grein fyrir því að verið væri að þróa aðferðafræði við fasa II í álagsmatsverkefni sem unnið er í samstarfi við Eflu verkfræðistofu, en hann gengur út á að gildissetja 66 sjálfbærnivísa sem voru þróaðir í fasa I.
4. Talningar á Keflavíkurflugvelli (*Straight through processing - hugmyndafræði varðandi rafvæðingu ferla við talningu ferðamanna*).

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir aðferðafræði við þjóðernistalningar og skrásetningu upplýsinga um ferðamenn. Mikil verðmæti og sparnaður væru fólgin í því að sjálfvirknivæða þessa ferla en fara þyrfti kerfisbundið í gegnum eignarhald mismunandi aðila á upplýsingum og aðgengi að þeim sem og persónuverndar- og öryggissjónarmið. Jafnframt væru snertifletir við útlendingaefirlit, löggæslu og viðbragðsaðila sem hefði í för með sér enn frekari sparnað í krónum talið sem og bætt öryggisstig. Ef setja ætti af stað verkefni sem þetta þyrftu að koma skýr skilaboð frá ráðherrum um það.

Rætt um að slíkt verkefni þyrfti að ná til fleiri gátta inn í landið en einungis Keflavíkurflugvallar, jafnvel einnig þeirra staða þar sem skemmtiferðaskip leggja að. Rætt um fjármögnun verkefnis af þessu tagi, en fram kom að brottfarartalningar á Keflavíkurflugvelli kosta nú 50 m.kr. á ári, þar af borgaði Ferðamálastofa 1/5 og Isavia það sem eftir stæði. Úr verkefni á borð við þetta væri hægt að ná fram verulegum sparnaði sem og auknum upplýsingum til að veita innsýn í þá ferðamenn sem sækja landið heim.

Samþykkt að veita Stjórnstöð ferðamála heimild til að eiga fund með hagaðilum með það að markmiði að skilgreina verkefni um sjálfvirka talningu ferðamanna í Leifsstöð og vistun gagna í sameiginlegan gagnagrunn. Við þá vinnu yrði geranleiki verkefnisins metinn, sem og umfang í kostnaði og tæknilegar og lagalegar hindranir.

5. Talningar aðila innanlands (*samtenging margra aðila varðandi flæði ferðamanna um landið*).

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir verkefni sem gengi út á að samtengja þá aðila sem halda utan um fjölda og dreifimynstur ferðamanna á landinu, sambærilegt við þá aðferðafræði sem kynnt var í verkefni varðandi talningar á Keflavíkurflugvelli. Rætt um verðmæti sem felst í slíkum upplýsingum.

Samþykkt að veita Stjórnstöð ferðamála heimild til að eiga fund með hagaðilum með það að markmiði að skilgreina verkefni um talningar aðila innanlands þannig að kerfi halda utan um flæði ferðamanna um landið verði samtengd.

6. DMP-kynning markaðsstofa landshlutanna og hlutverk þeirra sem DMO.

Ferðamálastjóri gerði grein fyrir nýafstöðnum fundi Ferðamálastofu með Markaðsstofum landshlutanna þar sem áfangastaðaáætlanir (*e. destination management plans*) allra landshluta voru kynntar. Um væri að ræða eitt viðamesta verkefnið sem Stjórnstöð ferðamála hefði unnið, þegar væri búið að ráðstafa 200 m.kr. í það og von á 200 m.kr. í viðbót árin 2018-2020. Í áfangastaðaáætlunum væri tekið á fimm af sjö áherslupáttum Vegvísis í ferðaþjónustu en þessi stefnumótunarfræði væri notuð víða um lönd og gengi út frá forræði heimamanna á mótun áfangastaða.

Verkefni sem þessu lyki í sjálfu sér aldrei, en í framtíðinni má sjá fyrir sér að markaðsstofur landshlutanna verði sk. áfangastaðastofur (*e. destination management offices*) sem myndu ekki einskorða starfsemi sína við markaðsmál heldur skírskota á fleir svið. Þarna væri aðkoma sveitarfélaganna mikilvæg. Rætt var vítt og breitt um eignarhald á áætlunum og hvernig þær yrðu sem best samþættar lögbundnum áætlunum sveitarfélaga, s.s. skipulagsáætlunum, ásamt mögulegu framtíðarfyrirkomulagi fjármögnunar á markaðsstofum landshlutanna.

Samþykkt að veita Ferðamálastofu og Stjórnstöð ferðamála heimild til að eiga fundi með sveitarstjórnnum og landshlutasamtökum m.t.t.þ. að skilgreina áfangastaðastofu fyrir viðkomandi landsvæði sem og hvernig best væri hægt að fylgja eftir áfangastaðaáætlunum. Miðað er við að þeirri vinnu verði lokið fyrir febrúar 2019.

7. Önnur mál.

Fulltrúar sveitarfélaganna spurðu hvort til stæði að fækka heimild til heimagistingar úr 90 dögum. Ráðherra sagði það ekki vera á döfinni að svo komnu máli, átaksverkefnið Heimagistingarvakt væri að byrja að skila árangri og þar lægi áherslan núna. Því hefðu auk þess fylgt ófyrirséð vandkvæði að veita sveitarfélögunum ákveðið sjálfðæmi um dagafjöldann eins og áður hafði verið rætt. Hins vegar væri viðbúið að löggjöfin myndi taka breytingum í fyrirsjáanlegri framtíð og hugmyndir um slíkt væru uppi á borðum og í umræðunni. Fram kom að sveitarfélögin væru mjög áfram um að fækka dögum. Fulltrúar sveitarfélaganna minntu jafnframt á fyrirætlanir stjórnvalda um að láta gistanáttagjald renna til sveitarfélaganna og mögulega aðferðafræði við útteilingu þess. Fulltrúar SAF töldu óeðlilegt að sveitarfélög fengju með þessum hætti skattlagningarvald yfir einni atvinnugrein umfram aðra.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 16:30.